Fundargerð

Aðalfundur Foreldrafélags Kársnesskóla

Dags. 31.05.2021 Tími: 20:15

Fundarmenn: Úr stjórn - Aðalsteinn Möller, Anna Rós, Stefanía,
Frá Kársnesskóla - Björg Baldursdóttir
Aðrir foreldrar - Auður, Indriði, Eva og fleiri

Fundarritari Aðalsteinn Möller
Fundarstjóri: Anna Rós

- Anna Rós Sigmundsdóttir, formaður Foreldrafélags Kársnesskóla setti fundinn. Kosning fundarritara var framkvæmd og bauð Aðalsteinn Möller sig fram.
- Kosning fundarstjóra fór fram og bauð Anna Rós sig fram.
- Upplýst var að prófkúra félagsins náðist loksins í réttar hendur og er í höndum Stefaníu gjaldkera. Þetta hafði tafið greiðslur úr sjóðnum.
- Anna Rós kynnti ársskýrslu foreldrafélagsins.
- Lítill sýnileiki var á foreldrafélaginu þetta árið vegna Covid en vonandi verður öflugt starf á næsta skólaári. Jólaföndrið féll niður og vorhátíðin einnig vegna fjöldatakmarkana.
- Upp kom hugmynd að í stað vorhátíðar væri hausthátíð og væri hún á skólasetningardegi. Foreldrafélagið og Björg skólastjóri hafa sett stefnuna á þessa skemmtilegu hugmynd. Skólasetningadagur yrði þá hátíðardagur og svolítið gert meira úr honum, gaman fyrir nýja nemendur jafnt sem aðra að hefja skólaárið öll saman.
- Foreldraröltið gekk ágætlega en bæta þarf í. Auglýst er eftir röltstjóra til hvatningar og utanumhald. Foreldrafélagið telur einróma að mikið forvarnargildi sé í röltinu og mælist til að allir foreldrar Kársnessins séu samhent um að leggja hönd á vogarskálarnar fyrir velferð barna og unglinga Kársnesskóla.
- Anna Rós kynnti Samkóp sem Foreldrafélag Kársnesskóla er aðili að en það er samtök foreldrafélaga í Kópavogi.
- Bekkjastyrkir hafa verið og verða áfram í boði fyrir alla bekki 10.000 kr. (30.000 ef það er aðeins einn bekkur í árgangi) greiddir úr sjóði foreldrafélagsins.
- Rútustyrkir fyrir 7. 9. og 10 bekk 2.500 kr. á nemanda sem fer í ferð greiddir úr sjóði foreldrafélagsins.
- Talsverður afgangur var að rekstri sjóðsins vegna minni útgjalda eins og vorhátíðar svo ákveðið var að festa kaup á taflborðum fyrir skólann sem hafa vakið mikla ánægju hjá nemendum samkvæmt Björgu skólastjóra. Beðið var að ákveða fjöldi taflborða sem keypt þar til endanleg fjárhagsstaða vegna skólaársins liggur fyrir og ársreikningur hefur verið kynntur.

- Rætt var um að salurinn í Kársnesskóla sé í boði fyrir afmæli og fleiri viðburði tengda nemendur skólans. Jón Árni umsjónarmaður fasteigna er tengiliður fyrir slíkt

- Ársreikningur var kynntur af Stefaníu gjaldkera. Helsta niðurstaða var að nokkur hagnaður var á rekstri Foreldrafélag Kársnesskóla vegna minni útgjalda en vanalega sem rekja má til Covid og samkomutakmarkana. Það mun bætast nokkuð við kostnað vegna þessa skólaárs þar sem reikningar hafa ekki borist vegna allra útgjaldaliða þessa skólaárs t.d. SAMKÓP o.f.l Áætlað er að kaupa skákborð fyrir hagnað eins og fyrr var rætt á fundinum. Á fundinum voru 14 einstaklinga og samþykktu 11 ársreikninginn. Enginn mælti gegn ársreikningum.

- Auglýst var eftir fulltrúum í stjórn foreldrafélagsins en þríreru að hætta, Anna Rós, Bergrún og Ragna.

- Þeir sem gefa kost á sér í stjórn og voru því sjálfkjörnir vegna skólarársins 2021-2022 eru:
  Aðalsteinn Möller
  Helga Guðný Sigurðardóttir
  Jóhannes Hlynur Hauksson
  Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
  Stefanía Jóna Nielsen

- Eva Sjöfn Helgadóttir var kosin skólaráðsfulltrúi til tveggja skólaára á síðasta aðalfundi þ.e.a.s. vegna skólaáranna 2020-2021 og 2021-2022. Hefð er fyrir því að stjórn foreldrafélagsins skipi hinn fulltrúann í skólaráð úr röðum sínum og verður haldið í þá hefð svo foreldrafélagið hafi beina tengingu yfir í skólaráð.

- Óskað var eftir framboðum til skoðunarmanns reikninga og bauð Auður Sigrúnardóttir sig fram. Var hún sjálfkjörin.

-